

48

1. sept.

KONUNGLEG TILSKIPUN

um að fyrirmælum þeim, er sett voru í konunglegri tilskipun nr. 102 14. júní 1938, um ýms hlutleysisákvæði, skuli farið eftir nú þegar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Vér viljum náðarsamlegast skipa þannig fyrir: Fyrirmælum þeim, er sett voru í konunglegri tilskipun nr. 102 14. júní 1938, um ýms hlutleysisákvæði, skal farið eftir nú þegar.

Tilskipun þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. september 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

49

12. sept.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um sölu og útflutning á vörum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að sökum ófriðarins, er nú geisar í Norðurlálfu, þurfi ríkisstjórnin að hafa fullkomnara eftirlit með sölu og útflutningi á öllum þeim vörum, sem flytja á burt af landinu, en áður hefir verið.

Telur atvinnumálaráðherra, að brýn nauðsyn sé til þess að setja um þetta efni bráðabirgðalög, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar.

2. gr.

Leyfi til útflutnings á íslenskum vörum, sem veitt hafa verið af ríkisstjórninni eða einstökum stofnunum fyrir gildistöku þessara laga, eru úr gildi fallin.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka löggildingur ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

49

Ríkisstjórnin getur falið nefnd, er hún skipar, að fara með það vald, er henni 12. sept. er veitt samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Með reglugerð, er ríkisstjórnin setur, er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, er við kemur framkvæmd þessara laga, þar á meðal um greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 10 1. febrúar 1936, og bráðabirgðalög frá 29. ágúst 1939.

7. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100000 krónum, eða fangelsi ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. september 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.

BRÁÐABIRGÐALÖG

50

18. sept.

um breyting á lögum nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Viðskiptamálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að vegna ófriðarins í Norðurálfu, sem nú geisar, hafi viðhorfið breytt mjög frá því, er var þegar lög nr. 10 4. apríl 1939 voru sett, og þykir því eigi rétt að ákveða nú sölu-gengi erlends gjaldeyris á þann hátt, sem gert er í 1. gr. þeirra laga. Ennfremur, að nú þykir ástæða til, sökum hins óvenjulega ástands, að heimila að greiða sjómönnum sérstaka stríðsáættubókun og kaupa handa þeim sérstaka stríðstryggingu, þrátt fyrir bannið í 3. gr. sömu laga. — Með því að svo er ástatt, sem að framan segir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. grein stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 10 4. apríl 1939 komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Ef gengi sterlingspunds gagnvart dollar breytist, þannig að færri dollarar verði í